

Alþingi
Erindi nr. P 130/1518
komudagur 24.3.2004



Fuglavernd Pósthólf 5069 • 125 Reykjavík • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

Stokkseyri 22. mars 2004

Umsögn Fuglaverndarfélags Íslands um frumvarp til breytinga á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

Vísað er í erindi umhverfisnefndar, þar sem óskað er umsagnar Fuglaverndarfélags Íslands um frumvarp til laga um breytingum á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (Þskj. 893 — 594. mál.).

Fuglaverndarfélag Íslands fagnar þessu frumvarpi og styður meginefni þess, enda var félagið á sínum tíma (1963) stofnað til að bjarga erninum frá bráðri útrýmingarhættu, en ernir í landinu voru þá aðeins 10-20 pör en eru 50-60 í dag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

6. gr.

Í þessari grein er lagt til að Umhverfisstofnun verðir heimilt að veita tímabundna undanþágu til að nota veiðiaðferðir, sem að öllu jöfnu er ólöglegar, t.d. vegna veiða í vísindaskyni eða ef dýr valda **umtalsverðu tjóni eða umtalsverðum ama og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta (leturbr. FVÍ)**. Hliðstæð undanþáguheimild var áður í höndum ráðherra og þá að fengnum umsögnum villidýranefndar, en síðar Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar. Fuglaverndarfélagið telur til bóta, að færa undanþáguheimildina frá ráðuneyti til stofnunar, þannig að leyfisveitingar verði skilvirkari, en varar um leið við því að slíkar heimildir (t.d. til eiturútburðar) séu veittar án umsagnar, t.d. Náttúrufræðistofnunar eða Fuglaverndarfélagsins. Eins varar Fuglaverndarfélagið við því að veittar séu heimildir með þessum hætti, ef dýr eru talin valda ama, en fram að þessu hefur forsenda fyrir undanþágum af þessu tagi verið, að dýr valdi **tjóni** og að aðrar aðgerðir henti ekki til að ráða bót, nema veiðiaðferðir sem að öllu jöfnu eru ólöglegar. Í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega vikið að störum og dúfum, en rótgróin andúð á störum er að mati Fuglaverndarfélagsins að mestu leyti byggð fordómum og órökstuddum fullyrðingum um að þeir beri flær og jafnvel sjúkdóma. Starar bera nákvæmlega sömu tegundir af flóm og hænur og margir aðrir fuglar. Því er verið að mati Fuglaverndarfélagsins að opna leið með þessum breytingartillögum til að herja á þennan skemmtilega fugl.

Fuglaverndarfélagið leggur því til þessari grein frumvarpsins verði breytt á þann hátt **að Umhverfisstofnun verði falið að leita umsagnar Fuglaverndarfélagsins** áður en undanþága sé veitt og að **ekki verði heimilt að veita undanþágur vegna ama** eða annarra álíka matskenndra skoðana á því hvað séu æskileg eða óæskileg dýr í okkar annars fábreyttu fánu.

7. gr.

Hér er lagt til að menn sem ætli sér að veiða minka þurfi ekki að hafa veiðikort eins og gilt hefur undanfarin 10 ár eða svo. Tilgangurinn mun vera að standa ekki í vegi fyrir minkaveiðum. Fuglaverndarfélagið er því eindregið fylgjandi að mink verði haldið niðri, fækkað verulega eða útrýmt úr íslenskri náttúru, sé það talið framkvæmanlegt. Félagið telur hins vegar að tilfallandi minkaveiðar sumarbústaðafólks og jafnvel barna eins og dæmin sanna, sé ekki leið til að ná árangri í baráttu við minkinn. Fuglaverndarfélagið telur að eina leiðin til að fækka mink verulega séu vel skipulegar veiðar atvinnumanna, sem byggist á bættri þekkingu á minkastofninum og hegðun hans. **Félagið er því mótfallið að undanskilja minkaveiðar sérstaklega frá þeirri kvöð sem gildir um nær allar aðrar veiðar á villtum spendýrum og fuglum hér á landi, að veiðimenn hafi hlotið til tilskylda þjálfun (sótt námsskeið) og tilskilin leyfi til að stunda veiðarnar, hafi veiðikort.** Þrátt fyrir að minkurinn sé aðskotadýr í íslenskri náttúru, eiga að gilda lög og reglur siðmenntaðra manna í baráttunni við þann vágest.

10. gr.

Fuglaverndarfélagið styður eindregið þá lagabreytingu sem lögð er til í þessari grein, bæði að því er varðar almenn ákvæði og eins hin er varða erni sérstaklega.

Að mati Fuglaverndarfélagsins er mikilvægt fyrir ráðherra, að hafa í höndunum stjórnæki til að auka staðbundið vernd tiltekinna tegunda, án þess að friða þurfi stór landsvæði sérstaklega. Þetta á t.d. við um sumar ár og vötn inn til landsins, þar sem endur safnast fyrir á veturna, en víða hefur viljað brenna við að skotveiðimenn sækji stíft á slíka staði og það án tillits til þess að slík svæði eru mörg hver helsta athvarf friðaðra fugla, svo sem húsandar og gulandar, sem hvorar tveggja eru á valista.

Fuglaverndarfélagið fagnar sérstaklega ákvæðum er lúta að verndun arnarhreiðra og arnarvarps. Í 10. gr frumvarpsins (b lið) er lagt til að lögfasta ákvæði um bann við umferð manna í grennd við arnarhreiður á því tímabili sem ernir eru í varpi eða að undirbúa varp (15. mars – 15. ágúst). Lagt er til að bannið nái til 500 m umhverfis hreiðrin, en hægt sé að veita undanþágu frá því, t.d. vegna rannsókna. Eins að heimilt verði, að uppfylltum vissum skilyrðum, að stunda áfram hefðbundnar nytjar í grennd við þau arnarhreiður sem kunna að vera í ábúð hverju sinni. Fuglaverndarfélagið telur nauðsynlegt að hafa slík verudarákvæði, þar sem ernir eru meðal stýggustu fugla og því miður mörg dæmi um að arnarhreiður misfarist vegna truflunar, hvort sem hún hefur verið óafvitandi eða með ráðum gjörð.

Hvað varðar þá sem í grandaleysi kunna að koma nærri arnarhreiðrum, þá telur Fuglaverndarfélagið að hegðan arna í grennd við hreiður (gagg og varnarhljóð) eigi að gefa öllu venjulega fólki til kynna, að það hafi álpast inni hreiðurhelgi arnarins og því beri því að halda í brottu hið skjótasta. Eins er landeigendum ekki skotaskuld að hegða nytjum sínum af æðarvarpi og því um líku á þann hátt, að það komi ekki niður á arnarvarpi. Fuglaverndarfélagið hefur allt frá stofnun (1963) átt samskipti við fjölmarga æðarbændur og liðsmenn félagsins geta borið um það persónulegt vitni, að langflestir þeirra sýna arnarvarpi sérstaka tillitssemi og eru til mikillar fyrirmyndar hvað varðar verndun arna og umgengni við þennan sjaldgæfa og viðkvæma fugl. **Hliðstæðar reglur hvað varðar umgengi um arnarhreiður hafa verið í gildi árum saman og því er hér ekki verið að setja neinar sérstakar kvaðir á umráðamenn**

lands umfram það sem gilt hefur lengi. Fuglaverndarfélagið styður því eindregið lögfestingu þessa ákvæðis.

Í þessar grein eru einnig helstu nýmæli frumvarpsins og þau sem Fuglaverndarfélagið leggur sérstaka áherslu á að verði lögtekin, áður en arnarvarp hefst í vor eða þegar í þessum mánuði (mars 2004). Samkvæmt frumvarpinu verður óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla erni frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Tekið er fram að með hreiðurstæðum sé átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á, svo vitað sé. Náttúrufræðistofnun Íslands skal einnig samkvæmt þessari grein halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta Umhverfisstofnun í té. Loks er kveðið á um að fara skuli með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál, í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur um meðferð upplýsinga úr skránni.

Einnig er í þessari grein (3. mgr.) lagt til að óheimilt verði að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem afmarkast af 100 m umhverfis þeim. Tilgangur þessa ákvæðis er tvíþættur; annars vegar að tryggja að aðgerðir sem ótilgreindur æðarbóndi framdi við arnarhreiður og komst upp með, skv Hæstaréttardómi, verði lýstar ólöglegar á afdráttarlausan hátt. Hins vegar að tryggja verndun fornra arnarvarpstaða, en sagan sýnir að ernir hafa tekið slíka staði til ábúðar með stækkandi stofni. Það er því lífsnauðsyn að þessir staðir fái að standa óáreittir, ef þess er nokkur kostur.

Fuglaverndarfélagið er sem fyrr segir eindregið fylgjandi ákvæðum þessarar greinar, en vill þó gera tvær athugasemdir, sem hvorutveggja var komið á framfæri við ráðuneytið, er drög þessa frumvarps voru borin undir félagið nú í janúar. Fuglaverndarfélagið sá um vöktun arnarstofnsins um áratugaskeið og gerir enn í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Fuglaverndarfélagið telur því sjálfsagt að félagið hafi hér eftir sem áður aðgang að upplýsingum um varpstaði arna, enda eru heimildir um stóran hluta þeirra tilkomnar fyrir þrotlaust sjálfboðaliðastarf félagsmanna. Fuglaverndarfélagið mun að sjálfsögðu hlíta þeim skilmálum sem ráðherra kann að setja, varðandi miðlun og meðferð þessara upplýsinga.

Hitt atriðið sem félagið vill gera athugasemdir við eru mörk þess svæðis sem röskunarbann á að gilda eða 100 m. Þetta telur félagið vera í flestum tilvikum allt of lítið, sérstaklega ef um er að ræða vegagerð, en slíkar framkvæmdir ógna sumum hinum fornu arnarsetrum. Fuglaverndarfélagið leggur því til sett verði ákvæði þar sem gert sé ráð fyrir rýmra röskunarbanni, helst 500 m.

Í fljótu bragði kann þetta að virðast mikið stjórnlyndi, Fuglaverndarfélagið vekur þó athygli á að allar fornminjar, hvort sem þær eru skráðar eða ekki (þær nema væntanlega tugum þúsunda) eru friðaðar. Hin fornu arnarsetur eru einungis 170 alls, þar af um 50-60 sem eru í ábúð þessi misserin.

Í stuttu máli þá fagnar Fuglaverndarfélagið þessari grein en leggur til að sett verði ákvæði um aðkomu félagsins að trúnaðarupplýsingum um arnarvarpstaði í ljósi aðkomu félagsins við söfnun þessara upplýsinga um 40 ára skeið. Eins að verndarsvæði umhverfis arnarhreiður verði 500 m í stað 100 m.

Fuglaverndarfélagið óskar eftir að fá að koma á fund umhverfisnefndar og skýra betur þau sjónarmið sem sett eru fram í þessari umsögn.

Virðingarfyllst,

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður